



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Fundargerð.

5. fundur nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 21. október 2025 kl. 14:00.

Fundinn sóttu:

Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.

Sigrún Hreiðarsdóttir skólastjóri.

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

Starfsmenn nefndarinnar:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda og veitna.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Heimsókn í Þjórskóla og Flóaskóla, samantekt.

Nefndarmenn fóru yfir sína upplifun af heimsóknunum í Þjórskóla og Flóaskóla. Rætt var um hönnun húsnæðis, skipulag kennslurýma, aðstöðu starfsfólks og nýtingu útisvæðis til kennslu. Nefndin þakkar fyrir frábærar móttökur, góða yfirferð og kynningar á báðum stöðum og telur heimsóknirnar hafa verið mjög gagnlegar til að fá betri innsýn á mismunandi lausnir og útfærslur á hönnun kennslurýma og skólahúsnæði.

2. Næstu skref

Rætt var um næstu skref í vinnu nefndarinnar og mikilvægi þess að halda áfram með undirbúning að framtíðarskipulagi og uppbyggingu húsnæðis Kerhólsskóla.

Ragnari Guðmundssyni var falið að hafa samband við Eflu verkfræðistofu og ræða við Anne Bruun Hansen og Maríu Björk Gunnarsdóttur, sem unnu að breytingum á Flóaskóla, um að koma að áframhaldandi vinnu við uppbyggingu skólahúsnæðis Kerhólsskóla.

3. Önnur mál

a) *Nefndin ræddi áframhaldandi vinnu við greiningu og sviðsmyndir vegna framtíðarskipulags skólahúsnæðis.*

Í samræmi við 4. gr. erindisbréfs nefndarinnar skal unnið með þrjár sviðsmyndir:

1. Nýting húsnæðis miðað við stöðu húsnæðis við afhendingu á auknu rými, án kostnaðar.

Rýmið afhent skólanum án kostnaðar.

2. Nýting húsnæðis út frá rýmis- og þarfagreiningu með kostnaðargreiningu á lágmarksbreytingum.



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Efla er fengin til að vinna með nefndinni að þarfagreiningu og heildstæðu ástandsmati á húsnæðinu, auk þess að skipta verkþáttum upp í fasa. Stefnt er að því að núverandi stjórnsýsluhæð verði fullbúin og tilbúin til notkunar í kennslu haustið 2026.

- 3. Nýting húsnæðis út frá rýmis- og þarfagreiningu með kostnaðargreiningu miðað við að allar breytingar yrðu gerðar.**

Efla er fengin til að fullvinna heildar breytingu á skólahúsnæði með teikningum að 3ju hæð.

b) Framlenging á erindisbréfi nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla.

Nefndin telur mikilvægt að sveitarstjórn heimili nefndinni að starfa fram á vor hið minnsta.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 15:45